



ALÞINGISKOSNINGAR 2021



Frá og með 15. september liggur kjörskrá vegna kosninga til Alþingis 2021 frammi á skrifstofu Svalbardsstrandarhrepps, Ráðhúsinu. Opnunartími skrifstofu er alla virka daga kl. 10:00-12:00 og 13:00 - 15:00.

Kjörfundur verður laugardaginn 25. september 2021 og hefst kl. 10:00. Kosid verður í Valsárskóla (gengið inn að sunnan).

Stefnt er að lokum kjörfundar kl. 18:00 en tekið skal fram að ekki má loka kjörstað fyrir kl. 22:00 nema kjörfundur hafi staðið í átta tíma og hálfúmi sé liðinn frá því að kjósandi gaf sig síðast fram.

Kjósendur eru því hvattir til að mæta nægilega snemma til að tryggja að þeir geti greitt atkvæði. Ennfremur eru kjósendur beðnir að hafa skilríki meðferðis.



Nánari upplýsingar um alþingiskosningar er að finna á <http://kosning.is>

KÆRU SVALBARÐSSTRÖNDUNGAR

Þá hefur nýtt skólaár hafið göngu sína án sérstakra ráðstafana vegna Covid og það er gleðiefni.

Í haust hófu 6 nemendur grunnskólagöngu sína í 1. bekk og 5 eru í 2. bekk, það eru því 11 nemendur í samkenndu á Tjörnum (nafnið á skólastofunni okkar) þennan veturinn.

Fyrstu bekkingar eru orðnir vanir grunnskólaumhverfinu því samstarf milli skólastiga er gott og mikið. Krummarnir í Álfaborg, sem er elsti hópurinn, komu reglulega í skólann á síðasta ári og tóku þátt í kennslustundum sem við

köllum Leikur að læra og svo erum við í útiskóla saman tvisvar sinnum í mánuði og þá bætast Spóar við sem er næst elsti hópurinn í Álfaborg.

Í vetur högum við samstarfinu aðeins öðruvísi sem felst í því að Krummarnir koma alla mánudaga í Valsárskóla og eru heilan skóladag. Þar fara þau í Leikur að læra, tónmennt og íþróttir. Þeir mæta kl. 8:05 og eru til 13:00, borða með okkur og fara í frímínútur með öllum í Valsárskóla.

Við hér á Tjörnum erum búin að skrifa eina sögu saman um dreka, en fyrsta bókin sem við unnum með í Byrjendalæsi heitir Drekin sem varð bálreiður, einn þátturinn í kennslufræði Byrjendalæsis er enduruppbygging texta út frá bókinni og við ákváðum að skrifa saman sögu um dreka.

Saga um dreka

Það kom dreki fljúgandi inn um gluggann á Valsárskóla. Hann sagði halló við krakkana í Valsárskóla. Hann flaug í eldhúsið og við leyfðum honum að verða reiðum og þá eldaði hann matinn fyrir okkur. Þá fór hann upp og kom inn á Tjarnir. Hann tók bók og las fyrir krakkana. Svo fór hann niður að leika við krakkana. Svo fór hann upp að spila við krakkana. Hann var tapsár og spúði eldi á bækurnar. Það kviknaði í skólanum. Slökkviliðið kom og sprautaði vatni á eldinn. Og allir björguðust og drekin fór sömu leið út um gluggann.

Höfundar eru nemendur á Tjörnum í 1. og 2. bekk Valsárskóla.

Við óskum ykkur gleðilegra haustdaga.

Kær kveðja, Guðfinna og drekarnir á Tjörnum.

NÆSTU RUSLADAGAR

16. september - Almenn/lífrænt sorp

30. september - Endurvinnsla og almenn/lífrænt sorp

14. október - Almenn/lífrænt sorp

Ströndungur kemur næst út fimmtudginn 14. október.

Skil á efni til kl. 15:00 þriðjudaginn 12. október.

Sendist á sandra.einars@gmail.com.